

## AUGLÝSING um staðfestingu reglna um úthlutun úr fornminjasjóði.

Með vísan til 8. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 staðfestast hér með reglur um úthlutun úr fornleifasjóði, dagsrettar 22. mars 2013 og birtast sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 73/2004, frá 6. janúar 2004.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 5. apríl 2013.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

### Fylgiskjal.

### ÚTHLUTUNARREGLUR fornminjasjóðs.

1. gr.

*Hlutverk fornminjasjóðs.*

Um fornminjasjóð gilda ákvæði X. kafla, 42. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 ásamt c. og d. lið 8. gr. sömu laga. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum.

2. gr.

*Úthlutanir úr fornminjasjóði.*

Úthlutanir úr fornminjasjóði eru á hendi Minjastofnunar Íslands að fenginni umsögn fornminjasjóðsins. Umsóknir eru metnar með tilliti til vísindalegs og menningarsögulegs gildis og þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í minjavern, ásamt gildi þeirra fyrir varðveislu þjóðararfleifðarinnar.

Úthlutað er styrkjum til eftirfarandi verkefna samkvæmt vinnureglum fornminjasjóðs:

Fornleifarannsókna (fornleifauppgraftar og fornleifaskráningar).

Miðlunar upplýsinga um fornminjar.

Varðveislu og viðhalds fornminja, þ.e. fornleifa og forngripa.

Rannsókna á forngrípum.

Sjóðnum er jafnframt heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi sér ekki úthlutaðan styrk á sama ári og honum er úthlutað, fellur styrkur niður. Heimilt er, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til greiðslu styrks til 1. júní á næsta ári á eftir úthlutun, enda hafi borist formleg og rökstudd beiðni þess efnis frá styrkþega til Minjastofnunar Íslands fyrir lok úthlutunarárs. Styrkveitingin er háð því að verkefni fylgi þeim stöðlum og reglum sem Minjastofnun Íslands setur.

3. gr.

*Auglýsing um styrki úr fornminjasjóði.*

Minjastofnun Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki á heimasíðu sinni, í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Minjastofnun Íslands getur ákveðið í samráði við fornminjanefnd hverju sinni í auglýsingu hvort sjóðurinn leggi áherslu á ákveðna þætti minjaverndar í úthlutun ársins.

## 4. gr.

*Almennt um umsóknir.*

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhuguð verkefni á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Séu umsóknir ekki skilmerkilega útfylltar og í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands getur stofnunin vísað þeim frá.

Sé fyrirhugað að sækja um styrk til verkefnis sem taka mun fleiri en eitt ár að vinna skal umsækjandi gera grein fyrir heildarmarkmiðum verkefnis, áfangaskiptingu og kostnaðaráætlun. Minjastofnun Íslands er með styrkveitingu ekki skuldbundin til að veita styrki til síðari áfanga verkefnis.

Minjastofnun Íslands er heimilt að óska eftir frekari gögnum og upplýsingum vegna umsókna eftir því sem þurfa þykir.

## 5. gr.

*Greiðslur styrkja.*

Minjastofnun Íslands gerir samning um greiðslu styrks úr fornminjasjóði þar sem kveðið er á um greiðslufyrirkomulag styrksins.

Skilyrði fyrir lokagreiðslu styrks er að styrkþegi hafi skilað lokaskýrslu eða áfangaskýrslu sem Minjastofnun Íslands hefur samþykkt.

## 6. gr.

*Eftirlit Minjastofnunar Íslands.*

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkir hafi verið notaðir til þess sem þeir voru veittir til. Einnig hefur stofnunin eftirlit með að þau verkefni sem hún styrkir séu í samræmi við innsend gögn og ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Fulltrúi Minjastofnunar skal eiga greiðan aðgang að vinnustað meðan á verkefni stendur. Styrkþegum er skyld að kynna Minjastofnun stöðu verksins sé þess óskað og afhenda gögn tengd verkefninu stofnuninni að kostnaðarlausu.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu styrks hafi verkefni sem hlutið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og þau gögn sem styrkveiting var byggð á. Einnig ef verkefnið hefur ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

Heimilt er að vísa nýjum umsóknum frá, ef árangur og skil umsækjanda vegna fyrri verkefna hafa ekki verið í samræmi við kröfur Minjastofnunar.